

Birtist á Deiglan.com, 9. mars 2004.

Kjarasamningar: Mikið fagnaðarefni

Jón Steinsson

Aðfaranótt mánudags skrifuðu Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið undir samning við Samtök atvinnulífsins um kaup og kjör til næstu fjögurra ára. Samningurinn kveður á um að laun hækki um 15% á samningstímanum. Mikið fagnaðarefni er að samningur hafi náðst án þess að til verkfalla komi. Einnig er fagnaðarefni að launahækkarnir samkvæmt samningnum séu innan þeirra marka sem samrýmist verðbólgaumarkmiði Seðlabankans.

Verðbólgaumarkmið Seðlabankans er 2,5% á ári. Ef Seðlabankinn nær markmiði sínu að meðaltali yfir samningstímann mun verðlag hækka um rúmlega 10%. Samninguring mun þá fela í sér tæplega 5% kaupmáttaraukningu.

Ekki er ólíklegt að framleiðniaukning í hagkerfinu verði talsvert meiri en 5% á næstu fjórum árum. Ef svo er þá veitir samningurinn nokkuð svigrúm fyrir launaskrið umfram samningsbundnar hækkarnir án þess að hlutfall launa af VLF hækki. Þetta hlutfall er raunar nálægt sögulegu hámarki. Því er allt eins líklegt að það lækki á samningstímanum. Samningurinn veitir svigrúm til slíkrar lækkunar.

Það er þó alls ekki þannig að samningurinn kveði á um of litlar kauphækkarnir. Ljóst er að líta verður á samning af þessu tagi sem gólfíð í launarófinu. Ekki er skynsamlegt að slíkt gólf haldist í hendur við meðaltalsframleiðniaukningu í landinu. Ef svo væri myndu fyrirtæki sem búa við minni en meðaltalsframleiðniaukningu lenda í vandræðum. Slíkt gæti leitt til aukins atvinnuleysis.

Samningurinn er skynsamlegur þar sem hann siglir milli skers og báru. Hann tryggir öllum launþegum kaupmáttaraukningu án þess þó að ganga of nærri þeim fyrirtækjum sem búa við minnsta framleiðniaukningu.